

GJALDSKRÁ

um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 1322/2019 um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

2. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá íbúðarhúsnæði.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá öllu íbúðarhúsnæði í Bláskógabyggð samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Gjaldið miðast við grunneiningu íláta fyrir heimilisúrgang skv. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð, stærð þeirra íláta og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

Gjald fyrir grunneiningu íláta við íbúðarhúsnæði.

Tegundir úrgangs og ílát:

Blandaður heimilisúrgangur (grátunna) 240 l ílát	31.900 kr.
Lífrænn heimilisúrgangur (brúntunna) 240 l ílát	8.200 kr.
Pappi og pappír 240 l ílát (blátunna)	4.900 kr.
Plast 240 l ílát (græntunna)	4.900 kr.

Losunartíðni:

Grátunna: söfnun á 21 dags fresti.

Brúntunna: söfnun á 21 dags fresti.

Blátunna: söfnun á 42 daga fresti.

Græntunna: söfnun á 42 daga fresti.

Framangreindar fjárhæðir eru lágmarksfjárhæðir. Ef húseigandi óskar eftir viðbótaríláti við íbúðarhús skal greiða viðbótargjald fyrir hvert ílát samkvæmt gjaldskrá fyrir tegund úrgangs og ílát. Vegna breytinga á skráningu íláta, svo sem vegna viðbótaríláta, skal greiða kr. 3.500.

3. gr.

Gjald fyrir fastan kostnað, rekstur söfnunarstöðva og meðhöndlun úrgangs.

Innheimta skal gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðva (gámastöðva):

Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði 26.500 kr.

Innheimta skal gjald vegna meðhöndlunar úrgangs:

Lögbýli 17.690 kr.

Atvinnuhúsnæði (fyrirtæki) 38.400 kr.

Allir fasteignaeigendur sem greiða gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðva (gámastöðva) fyrir íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 3,5 m³.

Allir fasteignaeigendur sem greiða gjald vegna meðhöndlunar úrgangs fyrir lögbýli fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 10 skipti á ári, fyrir samtals 2,5 m³.

Allir fasteignaeigendur sem greiða gjald fyrir fastan kostnað og rekstur söfnunarstöðva (gámastöðva) og gjald vegna meðhöndlunar úrgangs fyrir fyrirtæki fá afhent klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð í 12 skipti á ári, fyrir samtals 9 m³.

Umframmagn er gjaldskylt á móttökustöð og miðast við fjölda m³ þess úrgangs sem afsett er.

4. gr.

Gjaldskrá móttökustöðvar.

Fyrirtæki, lögbýli eða frístundahúsafélög sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðvum eða nýta þjónustu verktaka vegna hirðingar og eyðingar úrgangs vegna atvinnureksturs skulu greiða móttökugjald á móttökustöð eða verktaka fyrir þá þjónustu. Gjaldtaka á móttökustöð eða gjaldtaka þjónustuverktaka er ekki hluti af gjaldi sveitarfélagsins skv. 2. og 3. gr gjaldskrár þessarar.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs. Um gjaldskyldu og flokka úrgangs gildir gjaldskrá fyrir móttökustöðvar Bláskógabyggðar.

Móttökugjald á einn m³ af flokkuðum eða óflokkuðum úrgangi 6.300 kr.

5. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar 9. desember 2022. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1685/2021 vegna meðhöndlunar úrgangs í Bláskógabyggð.

Bláskógabyggð, 22. desember 2022.

Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri.